



Reykjavík, 2. október 2018

Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála (mál nr. S-134/2018)**

Æskulýðsvettvangurinn fagnar þeirri auknu áherslu sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur sett á hagsmunamál barna og ungmenna sem taka þátt í íþróttá- og æskulýðsstarfi og þeim tillögum sem starfshópur ráðherra hefur unnið og snúa að aðgerðum gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands.

Æskulýðsvettvangurinn vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi með því að stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í slíku starfi þar sem lögð er áhersla á að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreititur, sé virtur. Einelti, kynferðisleg áreitni eða ofbeldi og önnur óæskileg hegðun er ekki liðin innan þeirra félagasamtaka sem saman mynda Æskulýðsvettvanginn.

Ljóst er að áform um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála og aðrar tillögur starfshópsins hefur áhrif á Æskulýðsvettvanginn og starfsemi hans, þau félagasamtök sem saman mynda Æskulýðsvettvanginn og aðildarfélög þeirra, starfsfólk, sjálfbodaliða og iðkendur. Tillagan snýr með beinum hætti að því starfi sem unnið er að innan Æskulýðsvettvangsins og hefur verið unnið með góðum árangri um árabíl.

Æskulýðsvettvangurinn býr yfir mikilli sérþekkingu, reynslu og verkfærum þegar kemur slíku starfi sem getur komið að góðum notum við vinnslu málsins. Æskulýðsvettvangurinn væntir þess þar af leiðandi að fá tækifæri til þess að hafa áhrif á framgöngu málsins á fleiri stigum.

Virðingarfyllt  
f.h. Æskulýðsvettvangsins,

SEMAERLAS.

---

Sema Erla Serdar,  
framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins